

Þriðjudaginn 18. apríl 1978.

Nr. 104/1976. **Grétar Guðni Guðmundsson**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Sigurjóni Ragnarssyni
Þorvaldi Guðmundssyni
Erling Aspelund og
Jóni Hjaltasyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Aðild. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1976. Krefst hann þess, að hverjum hinna stefndu um sig verði dæmd refsing vegna unnmæla þeirra í greinargerð stefndu 27. nóvember 1973, er afhent var fréttamönnum og frá er greint í héraðsdómi. Er aðallega krafist refsingar samkvæmt 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara samkvæmt 235. gr. eða 234. gr. þeirra laga. Einnig krefst afrýjandi samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga ómerkingar á orðunum „dregið sér“, er koma tvívegis fyrir í nefndri greinargerð, og orðunum „ólögmæt sjálftaka“ í greinargerðinni. Þá krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér hæfilega fjárhæð samkvæmt 241. gr. nefndra laga til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í máli þessu í opinberu blaði. Loks krefst afrýjandi þess, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér 250.000 króna miskabætur með 9% ársvöxtum frá 10. janúar 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins afrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi hér fyrir dómi kom fram, að á þeim tíma,

sem ummæli þau birtust, er mál þetta er af risið, hafi félagsmenn í stéttarfélagi áfrýjanda verið 100 til 130 að tölu og hafi þeir allir starfað í vínveitingahúsum utan einn.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 1. þ. m., höfðaði Grétar Guðni Guðmundsson framreiðslumaður, Huldulandi 7 hér í borg, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. desember, 29. desember 1973 og 9. janúar 1974, á hendur stjórnarmönnum Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, þeim Þorvaldi Guðmundssyni, Háuhlið 12, Erling Aspelund, Öldugötu 18, Jóni Hjaltasyni, Hátúni 19, Bjarna I. Árnasyni, Kvisthaga 25, öllum hér í borg, Sigurjóni Ragnarssyni, Blikanesi 13, Garðahreppi, Ragnari Ragnarssyni, Austurbyggð 9, Akureyri, og Steinunni Hafstað, Þóris-túni 1, Selfossi. Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá kröfum á hendur stefndu Bjarna I. Árnasyni, Ragnari Ragnarsyni og Steinunni Hafstað, en af þeirra hálfu hefur verið fallið frá kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta út af eftirfarandi ummælum í bréfi, sem Samband veitinga- og gistihúsaeigenda lét dreifa til fréttamanna útvarps og dagblaða í Reykjavík á blaðamannafundi á Hótel Loftleiðum þann 27. nóvember 1973:

„Hafa þjónar með þessum hætti dregið sér 13% meira fé en veitingamenn telja sig hafa samið um, og hafa veitingamenn orðið að endurgreiða til ríkisins fé það, sem þjónar hafa með þessum hætti dregið sér og neitað að skila, en sú fjárhæð nemur samtals liðlega 10 milljónum króna yfir tímabilið 22. 8. 1972—31. 10. 1973 fyrir veitingahúsin.

Það verður að telja furðulegt siðgæði, þegar stjórn F. F. vill reyna að telja almenningi trú um það, að ólögsmæt sjálftaka þjóna á fjármunum annarra hafi verið hluti af kjörum þeirra.“

Stefnandi telur framangreind ummæli mjög ærumeiðandi fyrir

sig og til þess fallin að valda sér álitshnekki. Kveður hann ljóst, að hann sé einn þeirra, sem ummælin beinist að, þar sem fram komi í fréttum af fundinum, að þarna sé rætt um fé, sem hann og fleiri framreiðslumenn séu krafðir greiðslu á.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Að stefndu verði hverjum um sig dæmd refsing vegna meiðyrða þeirra, er að framan greinir, skv. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara skv. 235. eða 234. gr. sömu laga.

Að ómerkt verði orðin „dregið sér“, sem komi tvívegis fyrir í fyrri málsgreininni, og orðin „ólögmæt sjálftaka“ í síðari málsgreininni skv. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til að standast straum af kostnaði við birtingu dóms í máli þessu í opinberu blaði skv. 241. gr. almennra hegningarlaga og til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð kr. 250.000 auk 9% ársvaxta frá þingfestingardegi málsins til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að í maímánuði 1965 reis deila Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda um það, hvernig reikna bæri þjónustugjald af seldum veitingum. Töldu framreiðslumenn rétt að reikna þjónustugjald af söluskatti, en veitingamenn töldu, að reikna bæri þjónustugjald af verði vöru, áður en söluskattur væri reiknaður, enda bæri að leggja söluskatt á þjónustugjald. Af þessu tilefni sendi Samband veitinga- og gistihúsaeigenda Félagi framreiðslumanna skeyti og mótmælti, að félagið gæfi félagsmönnum sínum m. a. fyrirmæli um að innheimta 15% þjónustugjald af söluskatti, þar sem það væri ólöglegt, og mundi Samband veitinga- og gistihúsaeigenda gera Félag framreiðslumanna og einstaka félagsmenn ábyrga, ef slíkur háttur yrði upp tekinn. Á tímabilinu 14. maí — 28. maí 1965 fóru fram bréfaskipti milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna um ágreiningsmál þetta, og var leitað álits fjármálaráðuneytisins í því sambandi. Kom fram það álit ráðuneytisins, að leggja skyldi söluskatt á þjónustugjald eða reikna það með í verði vöru og þjónustu, áður en söluskattur væri lagður á. Hinn 4. júní 1965 undirrituðu fyrirsvarsmenn beggja félaganna svofellda yfirlýsingu:

„Félag framreiðslumanna lýsir því hér með yfir, að gefnu til-efni frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, að það tekur á sig alla ábyrgð og áhættu vegna álagningar þjónustugjalds á söluskatt í vínveitingahúsum, meðan enn er óútkljáð fyrir dómstólum, hvort það er í samræmi við íslensk lög, að þjónustugjald sé lagt á söluskattinn.

Með tilvísun til framanritaðs lætur Samband veitinga- og gisti-húsaeigenda það óátalið, að framreiðslumenn leggi þjónustugjald ofan á söluskattinn, þar til úrslit viðkomandi dómstóls liggja fyrir.“

Mun úreikningur og álagning þjónustugjalds síðan hafa farið fram samkvæmt sjónarmiði framreiðslumanna. Í janúarmánuði 1967 höfðaði Samband veitinga- og gistihúsaeigenda mál fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags framreiðslu-manna til að fá skorið úr ágreiningi þeim, sem enn virðist hafa verið milli félaganna um þetta efni. Mál þetta var fellt niður 6. maí 1970. Þrátt fyrir þetta mun enn hafa verið ríkjandi ágrein-ingur milli félaganna um atriði þetta. Þann 4. apríl 1973 var síðan þingfest í Félagsdómi mál, sem Samband veitinga- og gisti-húsaeigenda höfðaði gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags framreiðslumanna. Var einn liður kröfugerðar sóknaraðilja sá, að viðurkenndur yrði sá skilningur á 1. gr. kjarasamnings Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda frá 22. ágúst 1972, að framreiðslumönnum bæri að haga svo álag-ningu þjónustugjalds, að í fullu samræmi væri við ákvæði 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, og að skila veitingamönnum öllum þannig álögðum og innheimtum söluskatti. Endanlegur dómur gekk um þetta atriði í málinu 29. október 1973. Varð niðurstaðan sú, að söluskatt bæri að reikna af verði veitinga með þjónustu-gjaldi og að álagningarstofn þjónustugjalds væri verð veitinga án söluskatts. Hinn 23. október 1973 höfðu kröfur Félags fram-reiðslumanna í sambandi við gerð nýs kjarasamnings borist Sam-bandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Síðar boðaði Félag fram-reiðslumanna til verkfalls, sem hófst 9. nóvember 1973 og stóð til 8. janúar 1974.

Stefnandi hafði starfað hjá Hótel Esju, og með bréfi, dags. 15. nóvember 1973, krafði fyrirtækið hann um oftekið þjónustu-gjald fyrir tímabilið 22. ágúst 1972 — 1. nóvember 1973, kr. 112.801. Var í bréfinu vísað til fyrirvara, sem samninganefnd Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda hafði gert við undirritun kjarasamninga þann 22. ágúst 1972 um réttmæti þess að reikna

þjónustugjald af söluskatti. Var og gerð grein fyrir niðurstöðu Félagsdóms í framangreindu ágreiningsmáli. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda boðaði nú til blaðamannafundar á Hótel Loftleiðum 27. nóvember 1973, þar sem mættir voru nokkrir af stjórnarmönnum. Þar var blaðamönnum afhend greinargerð um ágreining Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna og verkfallið, sem þá stóð yfir. Er greinargerðin í þremur köflum. Í fyrsta kaflanum er gerð grein fyrir upphafi deilunnar, í öðrum kaflanum er gerð grein fyrir kröfum framreiðslumanna og í þeim þriðja launum þeirra. Er upphaf greinargerðarinnar og fyrsti kaflinn svohljóðandi:

„Að marggefnu tilefni frá Félagi framreiðslumanna vill Samband veitinga- og gistihúsaeigenda koma á framfæri ýmsum mikilvægum staðreyndum, sem varða deilu þá, sem nú er á milli S.V.G. og F.F., orsökum fyrir því verkfalli, sem hófst þann 9. þ. m., kröfum framreiðslumanna og viðhorfum veitingamanna til þeirra krafna.

I. Upphaf deilunnar:

Um mörg undanfarin ár hefir verið ágreiningur á milli þjóna og veitingamanna um framkvæmd álagningar á þjónustugjaldi.

Hafa þjónar talið sér heimilt að reikna sér 15% þjónustugjald af söluskatti þeim og viðlagasjóðsgjaldi, sem veitingahúsunum er gert að innheimta og greiða til hins opinbera og nú er 13% (11% + 2%).

Hafa þjónar með þessum hætti dregið sér 13% meira fé en veitingamenn telja sig hafa samið um, og hafa veitingamenn orðið að endurgreiða til ríkisins fé það, sem þjónar hafa með þessum hætti dregið sér og neitað að skila, en sú fjárhæð nemur samtals liðlega 10 milljónum króna yfir tímabilið 22/8 1972 — 31/10 1973 fyrir veitingahúsin.

Út af ágreiningi þessum svo og verkfalli því, sem þjónar hófu þann 2. apríl 1973, höfðaði S.V.G. mál fyrir Félagsdómi til þess að fá skorið úr um lögmæti verkfallsins svo og þeim ágreiningi, sem verið hafði um framkvæmd álagningar þjóna á þjónustugjaldinu.

Félagsdómur kvað upp dóm sinn um ólögmæti verkfalls þjóna þann 13. apríl s.l., og hófst þá vinna á ný, en um hinn þátt málsins kvað Félagsdómur upp dóm sinn þann 29. okt. s.l., og féllst dómurinn á þá skoðun veitingamanna, að *álagningarstofn þjónustugjalds til framreiðslumanna sé verð veitinga án söluskatts*

og söluskatt bæri að reikna af verði veitinga að viðbættu þjónustugjaldi.

Mun niðurstaða Félagsdóms hafa verið kynnt á fundi í Félagi framreiðslumanna miðvikudaginn 31. okt., og mun á þeim sama fundi hafa verið gengið frá kröfum þjóna vegna nýrra kjarasamninga, en samningar aðilja gengu úr gildi einmitt þennan dag.

Bárust skrifstofu S.V.G. kröfur F.F. þann 1. nóvember s.l., en daginn eftir þann 2. nóv. boðuðu þjónar síðan verkfall, sem kom til framkvæmda þann 9. nóv., á hádegi.

Hefir stjórn F.F. viðurkennt, að verkfallið sé boðað vegna úrslita málsins í Félagsdómi og hafa haldið því á lofti sem röksemd fyrir verkfallinu, að *kjör þeirra hafi með dómi Félagsdóms verið rýrð um 11.5%.*

Það verður að telja furðulegt siðgæði, þegar stjórn F.F. vill reyna að telja almenningi trú um það, að ólögmæt sjálftaka þjóna á fjármunum annarra hafi verið hluti af kjörum þeirra.“

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að ljóst sé, að hann sé einn af þeim, sem hin umstefndu ummæli beinast að, þar sem fram komi í fréttum af fundinum, að þarna sé rætt um fé, sem hann og fleiri framreiðslumenn hafi verið krafðir greiðslu á. Leiði það af eðli málsins, að stefnandi eigi sjálfstæða sakaraðild að máli vegna ummæla þessara, enda geti einstaklingar í hóp, sem sætir ærumeiðingu, ekki komið í veg fyrir, að aðrir í hópnum leiti réttar síns af því tilefni. Því taki ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 ekki til aðildar stefnanda að máli þessu. Í þessu sambandi er á það bent af hálfu stefnanda, að í upphafi hafi af hálfu stefndu verið krafist frávísunar, þar sem stefnandi ætti ekki sókn sakar í máli þessu. Er nú hafi verið fallið frá frávísunarkröfu þessari, megi líta svo á, að með því sé fallist á, að stefnandi sé réttur aðili málsins. Þá er því haldið fram, að hin umstefndu ummæli verði ekki skilin á annan veg en þann, að með þeim sé stefnanda brigslað um fjárdrátt og gertæki. Hér sé um að ræða verknaði, sem varði við 247. og 260. gr. almennra hegningarlaga. Ásakanir þær, sem felist í hinum umstefndu ummælum, séu því mjög alvarlegar. Enn alvarlegri verði þær fyrir þá sök, að með því að boða til blaðamannafundar, þar sem umræddri greinargerð hafi verið komið á framfæri við fréttamenn dagblaða og útvarps, hafi þessir fjölmiðlar verið notaðir til að koma ásökunum á framfæri við almenning. Sé ljóst, að fréttir fjölmiðla um þetta efni séu byggðar á fréttatilkynningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda. Kemur fram af hálfu stefnanda, að þar til

hin umstefndu ummæli hafi verið ómerkt, megi stefnandi vænta þess, að almenningur líti hann hornauga og telji hann afbrota-mann. Slíkt sé sómakærum manni sem stefnanda þungbær miski.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi byggð á því, að stefnandi eigi enga aðild að máli þessu. Í greinargerð þeirri, sem Samband veitinga- og gistihúsaeigenda hafi látið frá sér fara á umræddum blaðamannafundi, sé ekki að finna nein ummæli, sem eingöngu sé stefnt að stefnanda. Þar sé aðeins fjallað um deilu, sem hafi verið milli veitingamanna og framreiðslumanna mörg undanfarin ár. Hvergi sé vikið að stefnanda persónulega og ekki sé því haldið þar fram, að efni það, sem rakið er í fréttatilkynningunni, sé í neinum tengslum við stefnanda persónulega. Þvert á móti sé tekið fram, að hér sé um að ræða deilu, sem standi milli stéttar-félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda. Því sé það stéttarfélag stefnanda, sem eigi aðild að sakar-efni máls þessa, en ekki stefnandi og því beri að sýkna stefndu. Er því haldið fram, að í þessu sambandi megi einnig líta til þess, að stefnandi hafi uppi miskabótakröfu í máli þessu. Ef slík krafa verði viðurkennd í málinu, geti slíkar bætur numið allt að kr. 25.000.000 — 30.000.000 til framreiðslumanna í heild, telji þeir all-ir sig ærumeidda. Því eigi ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 við í máli þessu. Virðist augljóst, að lögmætir fyrirsvarsmenn slíks hóps verði að eiga atbeina að því að halda fram rétti slíks hóps, en ekki einstakir menn í hópnum. Þá er sýknukrafa stefndu byggð á því, að hin umstefndu ummæli séu slitin úr samhengi við önnur ummæli fréttatilkynningarinnar, en þar sé gerð nánari grein fyrir þeim. Því fái það ekki staðist, að í fréttatilkynningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda sé verið að brigsla framreiðslumönnum um refsiverða verknaði, enda hafi stefndu alls ekki haft það í huga. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum miska vegna fréttatilkynningar þeirrar, sem Samband veitinga- og gistihúsaeigenda lét frá sér fara á umræddum blaðamannafundi.

Það er ágreiningslaust, að þau Steinunn Hafstað, Ragnar Ragnarsson og Bjarni I. Árnason, sem voru í stjórn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda ásamt öðrum hinna stefndu, hafi ekki verið á blaðamannafundinum 27. nóvember 1973.

Fram hefur komið, að nokkrir veitingamenn hafi kafið framreiðslumenn um endurgreiðslu þjónustugjalds af söluskatti og viðlagasjóðsgjaldi. Í einu slíku máli hefur fallið dómur á bæjarþingi Reykjavíkur, og var varnaraðilja þess máls gert að endur-

greiða þjónustugjald, sem innheimt hafði verið af viðlagasjóðsgjaldi, og var það aðeins hluti þeirrar fjárhæðar, sem hann hafði verið krafinn um.

Það þykir koma fram í þeim hluta greinargerðar Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, sem rakinn var hér að framan, að í kjaradeilu þeirri, sem þá stóð yfir, hafi skorist í odda milli sambandsins og Félags framreiðslumanna út af ágreiningi um framkvæmd álagningar þjónustugjalds. Ekki eru einstakir framreiðslumenn nefndir með nafni í greinargerðinni, nema hvað þess er getið, að nafngreindur blaðafulltrúi félagsins hafi gefið fréttamönnum upplýsingar. Þykja hin umstefndu ummæli beinast að framreiðslumönnum í heild í stéttarfélagi sínu og því sé það félagið, sem eigi rétt til málssóknar út af ummælunum, en ekki einstakir félagsmenn, jafnvel þótt veitingamenn hafi krafið þá um endurgreiðslu þjónustugjalds af söluskatti eða viðlagasjóðsgjaldi. Þykir það ekki skipta máli í þessu sambandi, þótt af hálfu stefndu hafi verið fallið frá frávísunarkröfu, sem komið hafði fram af hálfu stefndu og byggð var á aðildarskortí stefnanda, enda var við munnlegan málflutning haldið fram aðildarskortí sem sýknuástæðu.

Verða stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurjón Ragnarsson, Þorvaldur Guðmundsson, Erling Aspelund og Jón Hjaltason, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Grétars Guðna Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.
